

FUNDARGERÐ

610. fundar sveitarstjórnar Mýrdalshrepps

Árið 2020, fimmtudaginn 19. nóvember, kom sveitarstjórn Mýrdalshrepps saman til fundar kl. 16:00 í Kötlusetri, Víkurbraut 28 í Vík.

Fundinn sátu: Einar Freyr Elínarson, Ingi Már Björnsson, Drífa Bjarnadóttir, Páll Tómasson og Þórey Richardt Úlfarsdóttir.

Að auki sat fundinn Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerðina í tölvu og George Frumuselu skipulags- og byggingarfulltrúi sat fundinn að hluta.

Oddviti setti fundinn og stjórnaði honum og leitaði afbrigða til að taka eftirtalin mál á dagskrá fundarins:

III – 5 Lava Concept Iceland ehf. – Mat á umhverfisáhrifum

PT vikur af fundi við atkvæðagreiðslu.

Afbrigðið samþykkt

PT kemur aftur inná fundinn.

III - 6 Útfærsla á vinnustyttingu

Afbrigðið samþykkt.

Þetta var tekið fyrir:

1. Verkefni sveitarstjóra.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir verkefnum síðustu vikna.

2. Fundargerð skipulagsnefndar.

Lögð fram 285. fundargerð skipulagsnefndar Mýrdalshrepps frá 16. nóvember 2020. Eftirfarandi liðir eru til staðfestingar í sveitarstjórn:

2.1. Iðnaðarsvæði í landi Fagradals og Víkur – Breyting á aðalskipulagi.

Nefndin samþykkti tillögu um breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028 sem fól í sér skilgreiningu á efnistöku- og iðnaðarsvæði í fjörunni austan við Víkur í landi Fagradals og sveitarfélagsins og fól skipulagsfulltrúa að auglýsa tillöguna.

PT vikur af fundi.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

2.2. Efnisvinnsla við Vík – Deiliskipulagstillaga.

Nefndin samþykkti tillögu um deiliskipulag fyrir vinnslu- og efnistökusvæði í fjörunni austan við Vík og fól skipulagsfulltrúa að auglýsa tillöguna.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

- 2.3. Ytri-Sólheimar 5 – Deiliskipulagstillaga.
Nefndin samþykkti tillögu um deiliskipulag fyrir Ytri-Sólheima 5 að teknu tilliti til umsagna sem bárust og fól skipulagsfulltrúa að ljúka málinu.
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.
- 2.4. Pétursey 2 – Deiliskipulagstillaga.
Nefndin samþykkti tillögu um deiliskipulag fyrir Pétursey 2 að teknu tilliti til umsagna sem bárust og fól skipulagsfulltrúa að ljúka málinu.
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.
- 2.5. Péturshólar – Deiliskipulagstillaga.
Nefndin samþykkti tillögu að deiliskipulagi fyrir Péturshóla að teknu tilliti til umsagna sem bárust og með fyrirvara um þá breytingu á orðalagi að þar sem stendur „frístundahús“ muni í staðinn standa „hús“. Skipulagsfulltrúa falið að ljúka málinu.
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.
- 2.6. Víkurbraut 5 – Umsókn um byggingarleyfi.
Nefndin lagði til að umsækjandi endurskoði hönnun að teknu tilliti til athugasemda sem bárust úr grenndarkynningu þar sem athugasemdir voru gerðar vegna mögulegs skuggavarps og ónæðis fyrir íbúa í næsta nágrenni.
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.
- 2.7. Sunnubraut 14-16 – Starfsleyfi.
Nefndin svaraði umsagnarbeiðni frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og gerði ekki athugasemd við fyrirhugaðan rekstur í húsnæði Sunnubrautar 14-16.
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.
- 2.8. Mylluland 9 – Umsókn um byggingarleyfi.
Nefndin samþykkti umsókn frá Matthíasi Jóni Björnssyni um leyfi fyrir stöðuvegg á lóðamörkum við Mylluland 9.
IMB vikur af fundi.
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.
IMB kemur aftur inná fundinn.
- 2.9. Garðakot – Umsókn um stöðuleyfi.
Nefndin samþykkti umsókn frá Jarþrúði Þórarinsdóttur um stöðuleyfi fyrir gám við Garðakot Inr. 201756.
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.
- 2.10. Mýrarbraut 6 – Umsókn um stöðuleyfi.
Nefndin samþykkti umsókn frá Valdimar Gíslasyni um stöðuleyfi fyrir gám við Mýrarbraut 6.
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.



3. Umsókn um lóðina Mánabraut 26.

Lögð fram umsókn frá Sebastian Mateusz Nisztuk um lóðina Mánabraut 26 (Inr. 199655) til byggingar á einbýlishúsi.

Sveitarstjórn samþykkir umsóknina.

4. Beiðni um umsögn um landskipti á jörðinni Höfðabrekku.

Lögð fram beiðni frá Nordik legal services f.h. Kötlum eignarhaldsfélags um að sveitarfélagið veiti umsögn um áformuð landskipti jarðarinnar Höfðabrekku Inr. 163031.

Samkvæmt fyrirbyggjandi landskiptagerð er gert ráð fyrir að lögbýlisréttur Höfðabrekku skuli hér eftir fylgja 7,5 hektara landspildu sem nær utan um lóðir sem auðkenndar eru sem Höfðabrekka 1, 2 og 3. Er þannig gert ráð fyrir að það sem eftir stendur af jörðinni Höfðabrekku, yfir 4500 hektarar, sé án lögbýlisréttar.

Af landskiptagerðinni má jafnframt ráða að hlunnindi eigi ekki að fylgja þeim hluta jarðarinnar sem heldur lögbýlisréttinum. Sveitarstjórn telur að þessi tilhögun rýri mjög nýtingarmöguleika jarðarinnar til framtíðar. Þá telur sveitarstjórn að þessi skipan samræmist ekki ákvæði jarðalaga en þar segir að lögbýli merki sérhver sú jörð sem hefur þann húsakost og það landrými eða aðstöðu að unnt sé að stunda þar landbúnað. Þá telur sveitarstjórn að umrædd landskipti fari gegn ákvæði 9. gr. lax- og silungsveiðilaga um að ekki megi skilja lax- og silungsveiðiréttindi frá fasteign án sérstakrar undanþágu ráðherra.

Fyrir sitt leyti leggst sveitarstjórn Mýrdalshrepps því gegn þeirri uppskiptingu sem gerð er grein fyrir í landskiptagerð fyrir Höfðabrekku.

Hvað sem öðru líður þá áréttar sveitarstjórn að nauðsynlegt sé að ráðast í vinnu við deiliskipulag á svæðinu.

5. Lava Concept Iceland ehf. – Mat á umhverfisáhrifum

Fram var lögð fyrirspurn frá Lava Concept Iceland ehf. um matsskyldu framkvæmdar í C-flokki vegna efnistöku og efnisvinnslu í landi Fagradals og Mýrdalshrepps. Efnistakan er tilkynningarskyld til sveitarfélagsins til ákvörðunar um matsskyldu skv. tl. 2.04 í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

PT vikur af fundi

Áður en að tekin verður ákvörðun í málinu felur sveitarstjórn skipulagsfulltrúa að leita álits þeirra aðila sem gerðu athugasemd við fyrri skipulagslýsingu, þ.e. Vegagerðarinnar, Náttúruverndarsamtaka Íslands og Umhverfisstofnunar.

PT kemur aftur inná fundinn.

6. Fundargerð fræðslunefndar.

Lögð fram 257. fundargerð fræðslunefndar Mýrdalshrepps frá 10. nóvember 2020. Eftirfarandi er til staðfestingar í sveitarstjórn:

6.1. Sumarleyfi leikskóla.

Nefndin lagði til að ekki yrðu gerðar breytingar á lokunartíma leikskólans Mánalands. Nú þegar orlof allra launþega hefur verið lengt í 30 daga á ári er ekki fyrir séð hvernig væri hægt að manna leikskólann með styttri sumarleyfislokun. Leikskólinn verður því áfram lokaður 5 vikur á sumri.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

7. Útfærsla á vinnustyttingu.

Lagðar fram tillögur að útfærslu á vinnustyttingu á annars vegar leikskólanum Mánalandi og hins vegar skrifstofu Mýrdalshrepps.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.

8. Styrkbeiðni frá Stígamótum.

Lögð fram beiðni frá Stígamótum um styrk við starfsemina.

Sveitarstjórn getur ekki orðið við beiðninni.

9. Aðalfundur Bergrisans.

Lagt fram aðalfundarboð Bergrisans bs. fundurinn verður haldinn í gegnum fjarfundarbúnað 25. nóvember nk.

Sveitarstjórn samþykkir að senda Einar Frey Elínarson, oddvita og Þorbjörgu Gísladóttur sveitarstjóra sem fulltrúa sveitarfélagsins á fundinn.

10. Viðauki við fjárhagsáætlun.

Lögð fram tillaga að 2. viðauka við fjárhagsáætlun 2020. Áhrif vegna Covid-19 heimsfaraldursins eru minni en áætlað var í 1. viðauka. Nettó breyting vegna 2. viðauka er jákvæð fyrir rekstur um 82 millj. kr. Fjárfestingar eru lækkaðar í 2. viðauka um 9.220.000 kr. til viðbótar. Ekki er þörf á yfirdráttarláni eins og áætlað var í 1. viðauka.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.

11. Samstarfssamningur við Markaðsstofu Suðurlands.

Lagt fram erindi frá framkvæmdastjóra Markaðsstofu Suðurlands þar sem óskað er eftir því að gildandi samstarfssamningur við Mýrdalshrepp sem rennur út næstu áramót verði framlengdur óbreyttur um 3 ár.

Sveitarstjórn samþykkir erindið fyrir sitt leyti og felur sveitarstjóra að ganga frá undirritun nýs samnings.

12. Samningur við Auðnast vegna Hjallatúns.

Lagt fram tilboð frá Auðnast um að fyrirtækið taki að sér gerð áhættumats um öryggis-, heilbrigðis- og vinnuverndarmál á Hjallatúni.

Sveitarstjórn samþykkir tilboðið og felur sveitarstjóra að ljúka málinu.

[Handwritten signatures and initials]
PT
Lars

13. Samningur við Bergraf.

Lögð fram drög að þjónustusamning við Bergraf ehf. um að fyrirtækið taki að sér viðhald götulýsinga og veitukerfis.

Sveitarstjórn samþykkir drögin og felur sveitarstjóra udirritun samnings.

14. Fundargerðir til kynningar.

Eftirfarandi fundargerðir voru lagðar fram til kynningar:

- 14.1. Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands, haldinn 5. nóvember 2020.
- 14.2. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, haldinn 16. október 2020.
- 14.3. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, haldinn 30. október 2020.
- 14.4. Fundargerð Félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, haldinn 22. október 2020.
- 14.5. Fundargerð stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, haldinn 14. október 2020.
- 14.6. Fundargerð stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, haldinn 10. nóvember 2020.
- 14.7. Fundargerð stjórnar Kötlu jarðvangs, haldinn 1. júlí 2020.
- 14.8. Fundargerð stjórnar Kötlu jarðvangs, haldinn 3. september 2020.
- 14.9. Fundargerð aðalfundar Rangárbakka, þjóðleikvangs íslenska heststins ehf., haldinn 3. nóvember 2020.


15. Kynningarefni.

Eftirfarandi lagt fram til kynningar:


- 15.1. Tilkynning varðandi landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga 2020.
- 15.2. Bréf frá baráttuhóp fyrir smærri fyrirækti, einyrkja og sjálfstætt starfandi aðila í ferðaþjónustu.
- 15.3. Ársreikningur 2019 og fjárhagsáætlun 2021 fyrir Bergrisann bs.
- 15.4. Minnisblað til ráðherra ferðamála um Áfangastaðastofu Suðurlands frá Markaðsstofu Suðurlands ásamt ársreikningi Markaðsstofunnar fyrir árið 2019.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including a large signature at the top right, a cluster of initials in the middle right, and another signature at the bottom right.


Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og honum slitið kl. 17:35



Einar Freyr Elínarson, oddviti




Ingi Már Björnsson



Drífa Bjarnadóttir



Páll Tómasson



Þórey Richardt Úlfarsdóttir